

Upplýsinga- og tæknimennt 3.bekkur

Upplýsinga- og tæknimennt skiptist í þrjár námsgreinar. Það eru hönnun og smíði, hagnýting þekkingar og upplýsingamennt. Þessar greinar fjalla um það á hvern hátt tækni og verkleg kunnátta er og getur verið notuð. Meginmarkmið hönnunar og smíði er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri tímaúthlutun til nýsköpunar og hagnýtingar þekkingar heldur eru þessir samþættir við aðrar námsgreinar. Upplýsingatækni miðar að því að kenna nemendum að nýta sér tölvutækni í náminu.

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- að nemandi geti notað lím við samsetningu,
- að nemandi geti greint notkunarvið einföldustu verkfæra og unnið með þau á öruggan hátt,
- að nemandinn þekki nöfn verkfæra sem hann notar,
- að nemandinn geti unnið einn að lausn verkefna,
- að nemandinn geri sér grein fyrir því hvað þarf til vandaðra vinnubragða,
- að hver og einn vinni á sínum hraða og hafi gaman af,

Að nemandi geti í upplýsingamennt:

- kynnst tölvuvagni skólans og noti tölvur og önnur jaðartæki sem við þær eru tengd,
- tamið sér umgengnisreglur um tölvuvagninn,
- lært að kveikja á tölvunum og skráð sig inn og slökkva á tölvunum,
- þekkt helstu hluta tölvu og geti nefnt þá þ.e. skjár, tölva, mús, lyklaborð og hátalari,
- geti ritað einfaldan texta í ritvinnslu,
- geti notað kennsluforrit við hæfi hans,
- kynnist ritvinnsluforritinu Word,
- viti að hægt er að breyta gerð, stærð og lit á lettri og þjálfist við að nota þessar aðgerðir,
- fundið stafi á lyklaborðinu og nota enter takkann,
- hlýtt á upplestur sögu og taki þátt í umræðu um það,
- rakið efni sögu í stórum dráttum.

Kennsluhættir

Kennsluaðferð: Sýnikennsla.

Fjöldi kennslustunda á viku: Ein klukkustund, tvisvar í viku, 14 – 16 skipti alls.

Viðfangsefni: Nafn nemandans. Að saga út bókstafi í nafni nemanda. Bréfaklemma og verkefni sem nemandi velur.

Verkfæri og efni: Sög, sandpappír, þvingur, klemmur, hjálparspýta, lím, litir, fura og birkikrossviður.

Bekkjarkennari kennir upplýsingamennt.

Námsmat

Verkefni og frammistaða í tímum